

# Maður er manns gaman!

Menntaskólinn á Ísafirði

06. 03. 2015  
tbl. 1

## Gróskublaðið 2015



Gróskudagarnir sem allir höfðu boðið eftir með öndina í hálsinum voru haldnir 4. - 6. mars. Nemendur og starfsfólk skólans brutu þá upp hið hefðbundna skólastarf. Nemendur mættu þá ekki í hefðbundna kennslu í skólastofunum en gátu þess í stað valið um hinar svokölluðu smiðjur þar sem boðið var upp á fjölbreytilegt starf t.d. jóga, tónlist, kynfræðslu, hugræna athyglismeðferð, spil, kleinubakstur, myndlist og meira að segja snjómokstur með vísindalegu sniði.



Gróskudagarnir í ár voru tileinkaðir minningu Hermanns Níelssonar



Öflugur framhaldsskóli  
á Vestfjörðum

## IINNIHALD:

Boccia	2
Hárgreiðsla	3
Myndlist og íþróttir	4
Viðtöl	5
Boccia II	6
Viðtöl	7
Skíða- og snjóbrettasmiðja	8
Myndasíða	9
Ylfa Mist o.fl.	10
Ella ritari	11
Lalli töframaður	12
Líf og fjör	13
Spurningatími	14
Viðtal við Jón R. S.	15
Lúlú í viðtali	16

Margt spennandi að lesa og sjá m.a. líf og fjör í smiðjunum og opinska viðtöl við skólameistara, ritara- og matráðskonuna.



## AÐEINS UM SMÍÐJURNAR...

Á Gróskudögum fara nemendur í fjöldann allan af smíðjum. Hér koma nokkrar umfjallanir um smíðjurnar, hvað gert er í þeim og um hvað þær snúast.

Er kallinn að gefa okkur fimmu?

## BOCCIA

Markmið Bocciasmíðjunnar er að nemendur þekki Boccia-reglurnar og viti líka um sögu og stöðu Boccia í heiminum og á Íslandi. Þeir læra að spila Boccia samkvæmt reglunum. Þeim verður gefinn tími til að æfa að kasta kúlum og svo verður nemendunum skipt upp í lið og haldin Bocciakeppni samkvæmt reglunum sem þeir lærðu áður. Kennari smíðjunnar er Stefan Gunther. Jón Egill Guðmundsson tók þátt í smíðjunni og sagðist finnast hún skemmtilegt. Hann sagði að gaman væri að kennslan væri brotin upp með þessum hætti og að hann fengi tækifæri til að keppa í Boccia við vini sína.



Jón Egill Guðmundsson



## HÁRGREIÐSLA

Í hárgreiðslusmiðjunni fá nemendur að spreyta sig í hárgreiðslu, túperingu, rúllum, fléttum og greiðslu eftir myndum. Kennari smiðjunnar er Helga Guðrún Gunnarsdóttir. Sigríður Elma Björnsdóttir var heppin að komast í þessa smiðju vegna þess að hún er eftirsóknarverð en fjöldatakmörkun er á henni. Sigríður sagðist skemmta sér vel þar sem hún lærir um meðferð á hári, hvernig á að nota krullujárn, hvernig á að blása og margt annað. skemmtilegt.



Sigríður Elma Björnsdóttir


## MYNDLISTARSMIÐJA



Markmiðið smiðjunnar er að koma upp listagangi, með t.d. blýantsteikningum og vatnslitamyndum. Þátttakendur út- færa vinnuna í

Guðmundsson myndlistarmaður. Hólm- fríður María Björnsdóttir var þátttakandi í smiðjunni og sagðist skemmta sér vel. Hún væri í flottum hóp með flottan um- sjónarmann. Þeim var gefið orðið auga, og Hófi notaði hugmyndina kýrauga og ákvað að teikna mynd af kú með stór augu.

smiðjunni í samráði við umsjónarmenn. Nemendur fá orð gefið sem þeir nýta síðan í hugmyndavinnu við listaverk sitt. Viður- kenning verður veitt fyrir bestu myndina. Leiðbeinandi smiðjunnar er Pétur



Hólmfríður María Björnsdóttir

## ÍPRÓTTIR

Íþróttasmiðjan fór fram í Íþróttahúsinu Torfnesi og kennarinn sem sá um hana var Jónas L. Sigursteinsson. Í smiðjunni spila nemendur körfubolta, handbolta og fótbolta sér til ánægju. Vilhelm Stanley var einn af mörgum sem tók þátt og var vongóður um að honum fyndist gaman.



Vilhelm Stanley

## VIÐTÖL

Hér fyrir neðan eru ýmis viðtöl við nemendur í hinum ýmsu smiðjum og starfsfólk á Gróskudögum.

## VIÐTÖL Í ÍPRÓTTASMIÐJUNNI

### Alexander Zakarías Pétursson

Æfir þú einhverjar íþróttir? Já.

Hver er uppáhalds íþróttin þín? Glíma.

Hvers vegna er hún uppáhalds? Vegna þess að þetta er góð líkams-þjálfun og æfir allan líkamann.

### Hugrún Embla Sigmundsdóttir

Æfir þú einhverjar íþróttir? Nei, en ég fer stundum í ræktina.

Hvað er uppáhalds íþróttin þín? Fótbolti.

Hvers vegna er hún uppáhalds? Því það er svo gaman að spila hana.

### Kristján Freyr Pétursson

Æfir þú einhverjar íþróttir? Já.

Hvað er uppáhalds íþróttin þín? Fótbolti.

Hvers vegna er hún uppáhalds? Af því að það er bara skemmtileg íþrótt og það er gaman að tækla fólk.

### Jóhanna María Steinþórsdóttir

Æfir þú einhverjar íþróttir? Já.

Hver er uppáhalds íþróttin þín? Skák.

Hvers vegna er hún uppáhalds? Af því að ég er betri en Hermann í skák.

### Aldís Huld Höskuldsdóttir

Æfir þú einhverjar íþróttir? Ekki í augnablikinu, því ég er meidd.

Hvað er uppáhalds íþróttin þín? Skallatennis.

Hvers vegna er hún uppáhalds? Af því að það er svo mikið fjör henni alltaf hreint.



Sjáið þið snerpuna?



Tveir þungt hugsi yfir víkinga-skák.

## BOCCIA II

Í þessari smiðju var verið að spila Boccia. Byrjað var á því að fara yfir reglurnar og eftir það var sagt frá sögu Boccia svona hvaðan það væri og hvernig þetta byrjaði. Eftir það var keppt í einstaklings keppni sem var í fullum gangi þegar við komum og var ennþá verið að spila leiki í undan-keppninni og þá átti eftir að spila undan-úrslitaleik og svo líka úrslitaleik.

Einnig spurðum við nokkra nemendur spjörunum úr, Gunnar Már Jónhannsson sagðist hafa valið þetta af því þetta væri chillað, hann sagðist ætla að verða vélstjóri þegar hann væri búinn með skólann og að lokum sagðist hann alltaf spila með rauðu boltana.

Andri Már



## VIÐTAL Í HÁRGREIÐSLUNNI!

### Hárgreiðsla

Hvað heitirðu ? Dóróthea. Hvers vegna valdirðu þessa smiðju? Mér fannst hún skemmtileg og spennandi.

## VIÐTÖL Í KLEINUSMIÐJUNNI!

### Kleinubakstur

**Hvað heitirðu?** Ég heiti Vilmar Ben.

**Af hverju valdirðu þessa smiðju?** Því ég elska að borða. Það er það besta í heimi fyrir utan það að sofa.

**Er þessi stöð skemmtileg?** Já, hún er mjög skemmtileg. Ég er að baka hi,hi.



Hvað heitirðu? Halldór.

Af hverju valdirðu þessa smiðju? Því að ég er alltaf svangur.

**Er þessi stöð skemmtileg?** Nei, ég hlakka bara til að borða kleinurnar.



# Skíða– og snjóbrettasmiðja

**Hvað heitirðu?** Sverrir

**Hvernig finnst þér gróskudagarnir hingað til?** Bara skemmtilegir fyrir utan smiðjuna „bæjarmálin“

**Hvaða kennara langar þig mest að sjá á skíðum?** Kötur

**Kostir/gallar við skíðasvæðið?** Það er skíðasvæði hérna, en það er alltaf vont verður hérna

**Ertu góð/ur á skíðum?** Nei, fyrsta skipti

**Af hverju valdirðu að fara á skíði/bretti/sleða?** Því það var svo lélegt færi fyrir bretti.

**Hvað heitirðu?** Bjössi

**Hvernig finnst þér gróskudagarnir hingað til?** Helvíti fínir bara

**Hvaða kennara langar þig mest að sjá á skíðum?** Kötur

**Ertu góð/ur á skíðum?** Nei, ég er bara á bretti sko!

**Kostir/gallar við skíðasvæðið?** Helvíti fínt skíðasvæði, en það eru of fáar brekkur

**Af hverju valdirðu að fara á skíði/bretti/sleða?** Ég hélt að það væri gott færi

**Hvað heitirðu?** Vilhelm Stanley Steinþórsson

**Hvernig finnst þér gróskudagarnir hingað til?** Bara ágætir

**Hvaða kennara langar þig mest að sjá á skíðum?** Jóa Stæ

**Kostir/gallar við skíðasvæðið?** Þetta er mjög fallett skíðasvæði en það er of lítið

**Ertu góð/ur á skíðum?** Nei!

**Af hverju valdirðu að fara á skíði/bretti/sleða?** Ég var að vonast til að það væri gott veður

**Hvað heitirðu?** Þór Engholm

**Hvernig finnst þér gróskudagarnir hingað til?** Bara fínir

**Hvaða kennara langar þig mest að sjá á skíðum?** Tryggva

**Ertu góð/ur á skíðum?** Neibb

**Af hverju valdirðu að fara á skíði/bretti/sleða?** Mig langaði það

**Kostir/gallar við skíðasvæðið?** Það er skemmtilegt að leika sér en þegar það er vont veður er ekkert hægt að nota skíðasvæðið





Töframaður negldur!



Hollustan í fyrirrúmi.



Slagur, slagur, skyrslagur....



Nemendur og kennari slaka á í jóganu .



Í upphafi skyldi endinn skoða. Það gengur greinilega mikið á í Ji jitsú smiðjunni.



### **Ylfa Mist (Möst)**

**Af hverju ertu með þessa smiðju?**

Ég var beðin um að vera með hana.

**Hvernig fannst þér að vera með hana?**

Mér fannst það ótrúlega gaman.

**Hvernig voru nemendurnir?**

Krakkarnir voru alveg til fyrirmyndar. Þeir voru ótrúlega stillt og flott og sýndu efninu mikinn áhuga.

**Myndir þú vilja gera þetta aftur?**

Já, ég væri algjörlega til í það.



Glæsileg tilprif í fótbolthanum. Strákarnir eru greinilega ráðalausir gagnvart snerpu og tækni stúlkunnar.



Starfsbróðir Þórðar húsvarðar stendur glaður sína vakt. Hann borðar greinilega staðgóðan morgunverð svo sem sjá má þó að Palli reyni greinilega að fela bjúgaldinið.

# Viðtal við ritara skólans



**Hvað heitir þú?**

Elín Ólafsdóttir

**Hver er uppáhaldsbílategundin þín?**

Volvo

**Hvað finnst þér um Gróskudagana?**

Þeir eru frábærir

**Hvar hefur þú unnið fyrir utan ritarastarfið?**

Á Hótel Ísafirði, á sjó og í mötuneyti Menntaskólans á Ísafirði

**Hver er hjúskaparstaða þín?**

Ég er einhleyp s.s. laus og liðug!

**Hvað áttu mörg börn?**

Ég á engin börn.

**Hvaðan ertu?**

Ég er frá Ísafirði

**Í hvaða skóla hefur þú farið?**

Ég fór í Barna- og Gagnfræðaskóla Ísafjarðar, MÍ og Ritaraskólann

**Hver er uppáhaldskennarinn þinn?**

Enga skoðun á því.

**Hvaða álit hefur þú á Aldrei fór ég suður?**

Stórkostleg uppfinning, gaman að hitta annað fólk og hlusta á góða tónlist.



## Viðtal við Lalla töframann

F: Hvað heitir þú? L: PASS! Nei ég heiti Lárus Blöndal kallaður Lalli töframaður

F: Hvað ertu að gera hérna í MÍ? L: Ég er að sýna vitleysu, skemmtilegheit og almenn töfrabrögð

F: Hvað ertu búinn að vera gera það lengi? Frá því að ég var sex ára gamall. En síðan, þá fékk ég leið á töfrabrögðum og fór að gera svona ógeðslega hluti en núna er ég bara að gera alls konar vitleysu, ógeð, grín og töfrabrögð

F: Eru haldin klikkuð töframannapartý eins og Steindi Jr. vill meina? L: Nei. (bætir síðan við að ef þau væru haldin þá myndi hann aldrei láta sjá sig þar því þau væru svo lúðaleg en hann svo töff.)

F: Viltu segja eitthvað að lokum? L: Já, ég ætlað að segja það sem afi á Stöð 2 sagði alltaf, góð regla. Verið góð við allt og alla því þá gengur allt svo miklu betur. Kíkið síðan inn á [töframaður.is](http://töframaður.is)

## Líf og fjör í smiðjunum!



Með einbeittum huga og samanbitnum vörum tekst þetta! Kleinugerðarmeistarinn er einbeittur á svip við að leiðbeina nemendum við kleinubaksturinn. Lúlú er einnig skammt undan ef að er gáð. Kleinurnar smökkuðust vel og runnu ljúflega niður.



Ylfa Myst blessar mannskapinn um leið og hún þrumar úr viskubrunni sínum heilræðum um kynlífið.

Hér sefur greinilega enginn enda leyndi áhuginn sér ekki.



Fröken Ragnheiður stal senunni í snjósmoksturssmiðjunni með vasklegri framgöngu sinni.

Veitið eftirtekt stóru snjóflyksunni sem er fyrir ofan höfuð drengsins Hann er greinilega ekki meðvitaður um þá hættu sem hann er í en fyrir ein-skæra heppni beygir hann sig niður á hárrétta augnabliki.

Spurningar um skólann - Áhugaverðustu svörin!

**Hverjir eru kostir og gallar við skólann?**

**Jóhanna Jorgensen:**

**Kostir:** Palli er húsvörður. **Gallar:** Hann byrjar alltof snemma.

**Uppáhaldsstofan þín?**

**Grímur Dion:** Heima.

**Uppáhaldskennarinn þinn?**

**Andri Már:** Tryggvi.

**Uppáhaldsáfangi?**

**Alexander Zakarías:** Danska.

**Hvað stefnir þú á að verða í framtíðinni?**

**Þór Engholm:** Bóndi.

**Hvernig finnst þér félagslífið?**

**Aldís Huld:** Nokkuð gott, mætti samt vera betra.

**Hverju myndirðu breyta í skólanum ef þú gætir það?**

**Kolbeinn:** Hafa hokkýæfingar.

**Myndurðu vilja hafa busun á næsta skólaári?**

**Þór Engholm:** Af hverju ekki?

**Eru að vinna með skólanum?**

**Daníel Ágúst:** Já!


**Ertu fugl eða fiskur?**

**Daníel Snær:** Banani.



**Kvennasmiðjan?!**

Nei, nei, þessir komu ekki í viðtal en það gengur greinilega mikið á í hópnum.



Sandsmaðurinn, skóla-  
meistarinn en fyrst og  
fremst sæúlfurinn Jón  
Reynir Sigurvinsson á  
bóksafni skólans.

Hann er hér að undirbúa sig  
fyrir upplestur á sögu  
Framsóknarflokksins en það  
er næstum því öruggt að það  
er ein af uppáhaldsbókunum  
hans.

Nafn: **Jón Reynir Sigurvinsson**

Hjúskapastaða? **Kvæntur**

Börn? **Á fjóra stráka**

Hvaðan ertu? **Ingjaldssandi**

Hvað ertu menntaður? **Jarðverkfræðingur**

Hvar hefur þú starfað? **Orkustofnun, Landsvirkjun, á sjó bæði á trillu og skuttogara,  
Kárahjúkavirkjun, kennari, aðstoðarskólameistari og skólameistari  
og einnig hjá Vegagerðinni**

Uppáhaldsstaðurinn í skólanum? **Kennarastofan og mötuneytið**

Uppáhalds litur? **Blár þess vegna er ég ekki í grænu í dag**

Hvað finnst þér um Gróskudaga? **Stórfínir, átti þátt í því að koma þeim af stað 1975  
og finnst frábært að brjóta upp skólastarfið**

Hvað er uppáhalds maturinn þinn? **Fiskur af öllu tagi**

Ertu hægri eða vinstri maður? **Kristilegur demókrati og einnig var ég skráður í  
Framsóknarflokkinn við fermingu eins og allir í sveitinni**

Uppáhalds leiðtogi? **Ólafur Ragnar Grímsson**

Ertu meistari? **Nei, nei eiginlega ekki eða jú, jú, ég er með meistarapróf í jarðverkfræði  
og get sagt að ég sé meistari**

Hvað heitir bæjarstjórinn í Bolungarvík? **Vinur minn Elías**

Hvað heitir sveitastjórinn á Hólmavík? **Pass (Andrea Kristín Jónsdóttir)**

## MÖTUNEYTI MÍ



Mötuneytið okkar hér í Menntaskólanum á Ísafirði er skipað yndislegu fólki sem sér um að við nemendur fáum hollan, góðan og næringaríkan hádegismat á löngum skóladögum. Þær Hugljúf Ólafsdóttir matráður og Sigríður Flosadóttir aðstoðarmatráður sjá um það hlutverk.

**Við fórum á stúfana og fundum Lúlú og spurðum hana nokkurra spurninga.**

Er þetta skemmtilegt starf? Já mjög

Hvað finnst þér leiðinlegast? En skemmtilegast? Mér finnst leiðinlegust umgengnin í eldhúsinu. Allt annað er bara skemmtilegt. Hvað finnst þér skemmtilegast og leiðinlegast að elda? Allt jafn skemmtilegt

Hvaða útvarpsstöð er í spilun í eldhúsinu? Bylgjan

Hvað er uppáhalds maturinn þinn? Allur mexíkóskur matur.

Klukkan hvað er byrjað að undirbúa matinn? Fer eftir því hvað er í matinn, stundum níu, stundum tíu.

Hvað ertu búin að vera að vinna lengi í mötuneytinu? Átján ár.



Já, það gengur stundum ansi mikið á í mötuneytinu. Lúlú ber hins vegar enga ábyrgð því sem fór fram á pallinum.



Blaðamenn í fjölmiðlasmiðju önnur kafnir.